

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júní 1991

til viðbótar ráðstöfunum til að bæta öryggi og hollustuhætti starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi

(91/383/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt téðri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Mjög hefur færst í vöxt að beita ráðningarskilmálum sem fela í sér að starfsmenn gegni afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að almennt séu starfsmenn sem gegna afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi í tilteknum greinum hættara við vinnuslysum og atvinnusjúkdómum en öðrum starfsmönnum.

Þessi viðbótaráætla í tilteknum greinum tengist að hluta tilteknum aðferðum við aðlögun nýrra starfsmanna að fyrirtækinu. Hægt er að draga úr þessari áhættu með viðeigandi ákvæðum um upplýsingastreymi og starfsþjálfun frá upphafi ráðningartíma.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 224, 8. 9. 1990, bls. 4.

⁽²⁾ Álit var skilað 20. nóvember 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*) og Stjtið. EB nr. C 158, 17. 6. 1991.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 332, 31. 12. 1990, bls. 167.

Í tilskipunum um öryggi og hollustu á vinnustöðum, einkum tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁴⁾, er að finna ákvæði sem ætlað er að auka öryggi og bæta heilsu starfsmanna almennt.

Sérstakar aðstæður starfsmanna í afleysingarstarfi eða tímabundnu starfi og sérstakt eðli þeirrar áhættu sem þeir standa frammi fyrir í tilteknum greinum kalla á að settar séu sérstakar viðbótarreglur í þessum efnunum, einkum að því er varðar upplýsingastreymi, þjálfun og læknisfræðilegt eftirlit með starfsmönnum sem í hlut eiga.

Tilskipun þessi er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innri markaðarins að veruleika.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ OG MARKMIÐ

1. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um:

1. ráðningarskilmála þar sem starfsmaður gegnir afleysingarstarfi samkvæmt beinum samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns og samningslok eru fastsett með hlutlægum skilyrðum eins og að miða við tiltekin uppsagnardag, ef um er að ræða tiltekið verkefni eða tiltekinn viðburð;
2. ráðningarskilmála um tímabundið starf milli afleysing-arvinnumiðlunar, sem er vinnuveitandi, og starfsmanns þar sem síðarnefndi aðilinn er ráðinn til starfa fyrir og undir stjórn fyrirtækis og/eða stofnunar sem nýtir sér þjónustu hans.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

2. gr.

Markmið

1. Tilgangur þessarar tilskipunar er að tryggja að starfsmenn með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr. njóti sömu verndar og aðrir starfsmenn fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar sem nota þjónustuna.
2. Þótt ráðningarskilmálarnir sem um getur í 1. gr. séu fyrir hendi réttlæta þeir ekki mismunandi meðhöndlun að því er varðar starfsaðstæður að því leyti sem þeir varða öryggi og hollustu á vinnustað, einkum vegna aðgangs að persónuhlífum.
3. Tilskipun 89/391/EBE og sértilskipanirnar í skilningi 1. mgr. 16. gr. hennar gilda alfarið um starfsmenn með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr., með fyrirvara um ákvæði sem eru meira bindandi og/eða sérákvæði sem eru sett með þessari tilskipun.

II. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

3. gr.

Upplýsingastreymi til starfsmanna

Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

1. að áður en starfsmaður með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr. tekur að sér einhver störf veiti fyrirtækið og/eða stofnunin sem nýtir sér þjónustu hans honum upplýsingar um þá áhættu sem hann stendur frammi fyrir;
2. í slíkum upplýsingum:
 - komi einkum fram hvort krafist sé sérstakrar menntunar og starfshæfis eða kunnáttu eða sérstakrar læknisskoðunar samkvæmt skilgreiningu í landslögum, og
 - komi skýrt fram hvort starfinu fylgi sérstök áhættuaukning, samkvæmt skilgreiningu í landslögum.

4. gr.

Þjálfun starfsmanna

Með fyrirvara um 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sérhver starfsmaður hljóti, í tilvikum sem um getur í 3. gr., nægilega þjálfun sem hæfir eðli starfsins, að teknu tilliti til menntunar hans, hæfi og reynslu.

5. gr.

Nýting þjónustu starfsmanna og læknisskoðun þeirra

1. Aðildarríkin skulu geta nýtt sér þann kost að banna að þjónusta starfsmanna með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr. sé nýtt til tiltekinna verka sem stofna öryggi þeirra og heilsu í mikla hættu, samkvæmt skilgreiningu í landslögum, einkum til tiltekinna starfa sem krefjast sérstakrar læknisskoðunar samkvæmt skilgreiningu í landslögum.
2. Ef aðildarríkin nýta sér ekki kostinn sem um getur í 1. mgr., skulu þau, með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar 89/391/EBE, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að starfsmenn með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr. og nýttir eru til starfa sem krefjast sérstakrar læknisskoðunar, samkvæmt skilgreiningu í landslögum, hljóti sérstaka, viðeigandi læknisskoðun.
3. Aðildarríkjunum er frjálst að kveða á um að haldið sé áfram að gefa kost á sérstakri, viðeigandi læknisskoðun sem um getur í 2. mgr. eftir að ráðningartími hlutaðeigandi starfsmanns rennur út.

6. gr.

Þjónusta í verndunar- og varnarskyni

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn, þjónustuaðilar eða einstaklingar sem eru tilnefndir, í samræmi við 7. gr. tilskipunar 89/391/EBE, til að annast störf sem tengjast verndun og vörnum gegn áhættu í starfi, fái upplýsingar um ráðningu starfsmanna með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr., eftir því sem þurfa þykir fyrir starfsmennina, þjónustuaðila eða tilnefnda einstaklinga svo að þeim sé gert kleift að inna af hendi á fullnægjandi hátt verndar- og varnaraðgerðir sem ná til allra starfsmanna í fyrirtækinu og/eða stofnuninni.

III. ÞÁTTUR

SÉRÁKVÆÐI

7. gr.

Ráðningarskilmálar vegna afleysinga: upplýsingar

Með fyrirvara um 3. gr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

1. að áður en starfsmenn með ráðningarskilmála sem um getur í 2. mgr. 1. gr. eru ráðnir, skuli fyrirtækið og/eða stofnunin sem hyggst nýta sér þjónustu þeirra tilkynna til afleysingarvinnumiðlunar m. a. menntun og starfshæfi sem krafist er og sérstakt eðli þess starfs sem á að ráða í;

2. að afleysingarvinnumiðlunin geri hlutaðeigandi starfsmönnum grein fyrir þessum staðreyndum.

10. gr.

Aðildarríkin mega kveða á um að upplýsingarnar sem fyrirtækið og/eða stofnunin, sem hyggst nýta sér þjónustu starfsmanns, veitir afleysingarvinnumiðluninni í samræmi við 1. lið í fyrstu undirgrein, skuli koma fram í ráðningarsamningi.

8. gr.

Ráðningarskilmálar vegna afleysinga: ábyrgð

Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að:

1. fyrirtækið og/eða stofnunin sem hyggst nýta sér þjónustu starfsmanns beri ábyrgð á vinnuskilyrðunum meðan á verkinu stendur, með fyrirvara um ábyrgð afleysingarvinnumiðlunar eins og mælt er fyrir um í landslögum;
2. við beitingu 1. tölul. takmarkast vinnuskilyrðin við þau skilyrði sem snerta öryggi, hollustuhætti og hreinlæti á vinnustað.

IV. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

9. gr.

Hagstæðari ákvæði

Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um núgildandi og væntanleg ákvæði í aðildarríkjunum og bandalaginu sem eru hagstæðari starfsmönnum með ráðningarskilmála sem um getur í 1. gr. með tilliti til öryggis- og heilsuverndar.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1992. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim skal fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa þegar verið eða verða samþykkt um málefni sem þessi tilskipun nær til.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um eiginlega framkvæmd þessarar tilskipunar á fimm ára fresti, þar sem fram kemur álit starfsmanna og vinnuveitenda.

Framkvæmdastjórninni ber að sjá til þess að tilkynningin berist Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni reglulega skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar, að teknu viðeigandi tilliti til 1., 2. og 3. mgr.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 25. júní 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

J. -C. JUNCKER

forseti.